

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 808,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" | kr. 1 140,00 |

III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³, kr. 16 400,00

400 til 2 000 m³, kr. 16 400,00 af 400 m³ + kr. 13,80 á m³ þar yfir að 2 000 m³.

2 000 m³ kr. 38 490,00 + kr. 11,30 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 2 820,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 170,00

V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 511 18. ágúst 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 168,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 66,70 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 39,16 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 111,67 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 15 824,00,

Hús 300—2 000 m³ kr. 15 824,00 fyrir 300 m³ og kr. 11,74 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ kr. 35 776,00 fyrir 2 000 m³ og kr. 9,76 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 1 594,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1331 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Porlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 484,01 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 24,27 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimædargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gald. Heimædagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimædargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimædargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 17\,145,00 + 18,70 \times V.$$